

Grafík frá landi Mondriaans nefnist hollenska grafíksýningin. (Vísism. GVA).

Grafíksýningin sýnir 31 verk eftir 10 listamenn. Þau eru unnin meðal annars í silkiprent og plexigler og eins og verkin á skartgripasýningunni eru þessi verk einnig unnin á síðasta áratug."

— Hvaðan koma sýningarnar?

„Þær koma frá Balkanskaganum og mig langar að geta þess að Iscargo flaug með þær hingað frá Rotterdam okkur að kostnaðarlausu, en skartgripirnir vega í allt, hvorki meira né minna en eitt tonn. Nú, en héðan fara sýningarnar síðan til Bretlands í febrúarlok."

— Eru mikil tengsl milli Hollands og Íslands?

„Já, það má segja það, allavega á listasviðinu, en íslenskir myndlistarmenn leita mjög til Hollands og sem dæmi má nefna, hefur Íslendingum oft verið boðið að taka þátt í hollenskum farandsýningum, til dæmis hafa Sigurður Guðmundsson og Kristján Guðmundsson tekið þátt í slíkum sýningum. Þá má nefna, að í nóvember var stofnað Íslendingafélag í Rotterdam. Stofnendur voru um 50, en félagar eru orðnir 150 nú þegar, þannig að áhugi á Íslandi virðist mikill í Hollandi," sagði Hans Kristján Árnason.

—KÞ.



Armband úr plasti eftir Carine Wintermans.



Frá sýningu Carls Fredriks Hill á Kjarvalsstöðum. (Vísism. GVA).

# „MEÐAL FREMSTU MÁLARA SVÍA"

„Carl Fredrik Hill var samtímamaður Strindbergs", sagði Göran Christenson, starfsmaður listasafnsins í Malmö, en hann er staddur hér á landi vegna sýningar Hills.

Á sýningunni eru 76 teikningar eftir Hill og eru þær allar í eigu Listasafnsins í Malmö, en hingað er sýningin komin fyrir milligöngu Svenska Institutet og sænska sendiráðsins á Íslandi.

Carl Fredrik Hill var prófessorssonur frá Lundi fæddur árið 1848. Ætlað var að hann lyki háskólanámi, en hugur hans stefni annað og árið 1871 fékk hann leyfi föður síns til að fara á Listaakademíuna í Stokkhólmi. Þar gerði hann þó stuttan stans, því tveimur árum síðar hélt hann til Parísar. Þar varð hann fyrir miklum áhrifum frá impressionisma og var á hraðri uppleið með að vinna sér frægð og frama,. 1875 bauðst honum að sýna eitt verka sinna á Haustsýningunni í París. Hélt Hill þar með, að björninn væri unninn og hann yrði heimsfrægur á einni nóttu. En það fór á annan veg. Engin veitti verkinu sérstaka athygli og þetta urðu vonbrigði á vonbrigði ofan fyrir Hill.

Árið 1878 verður einskonar vendipunktur í lífi Hills, þá er hann úrskurðaður geðveikur og fljótlega upp úr því er hann sendur til Lundar, þar sem hann dvaldist á hæli lengst af.

Hingað til hafði Hill málað á striga með olíulitum, en nú fór hann að teikna, en myndirnar á Kjarvalsstöðum eru allar frá sjúkdómsárum hans.

Margt verka Hills mun nú týnt, meðal annars vegna þess, að fjölskyldan notaði myndirnar til að kynda með, þar sem hún skildi ekki gildi þeirra. Það er ekki fyrr en 1920, níu árum eftir dauða Hills sjálfs, að systir hans gefur Listasafni Malmö nokkrar myndа hans. Myndirnar vekja strax áhuga og farið er að safna þeim. 1932 heldur síðan Listasafnið sýningu á verkum Hills í fyrsta sinn og það er ekki að sökum að spyrja, Hill slær í gegn.

Í dag skipar Hill sess meðal fremstu landslagsmálara Svía. Hann hefur haft mikil áhrif síðustu áratugi, einkum á ljóðskáld. Hill teiknar smátt, mikið er um endurtekningar í myndunum og skreytigleði mikil,en hann býr yfir mikilli tæknikunnáttu.

Sýningunni í Kjarvalssal Kjarvalsstaða lýkur 15. febrúar.

REGNBOGINN
☎ 19 000

salur A
Sólbruni
Hörkuspennandi ný bandarísk litmynd, um harðsnúna tryggingasvikara, með FARRAH FAWCETT fegurðardrottningunni frægu, - CHARLES GRODIN - ART CARNEY.
Íslenskur texti
Bönnuð innan 16 ára
Sýnd kl.3 - 5 - 7 - 9 og 11.

salur B
Jasssöngvarinn
Frunsýning í Evrópu
Skemmtileg — hrífandi, frábær tónlist.
Sannarlega kvikmyndaviðburður...
NEIL DIAMOND
LUCIE ARANZ.
Tónlist: NEIL DIAMOND
Leikstjóri: RICHARD FLEICHER.
Sýnd kl.3.05 - 6.05 - 9.05 - 11.15
Íslenskur texti

salur C
LANDAMÆRIN
Sérlega spennandi og viðburðahröð ný bandarísk litmynd, um kapphlaupið við að komast yfir mexíkönsku landamærin inn í gulllandið...
TELLY SAVALAS, DENNY DE LA PAZ, EDDIE ALBERT.
Leikstjóri: CHRISTOPHER LEITCH.
Íslenskur texti.
Bönnuð börnum.
Hækkað verð.
Sýnd kl.3.10 - 5.10 - 7.10 - 9.10 og 11. 10

salur D
Hjónaband Maríu Braun
Bönnuð innan 12 ára
Íslenskur texti
Sýnd kl.3 - 6 - 9 og 11.15.

BORGARbíóið
SMIÐJUVEGI 1, KÓP. SÍMI 43500
(Útvegsbankahúsinu austast í Kópavogi)

„The Pack"




Frá Warner Bros: Ný amerísk þrumuspennandi mynd um menn á eyðieyju, sem berjast við áður óþekkt öfl.
Garanteruð spennumynd, sem fær hárin til að rísa.
Leikstjóri: Robert Clouse (gerði Enter The Dragon)
Leikarar:
Joe Don Baker ........Jerry
Hopi A. Willis .........Millie
Richard B. Shull. . Hardiman
Sýnd kl. 5, 7 og 9.
Íslenskur texti.
Bönnuð innan 16 ára.

„Ljúf leyndarmál"




Erotísk mynd af sterkara taginu.
Sýnd kl. 11.
Stranglega bönnuð innan 16 ára.
Nafnskírteini.

BORGARbíóið
SMIÐJUVEGI 1, KÓP. SÍMI 43500
(Útvegsbankahúsinu austast í Kópavogi)

Frumsýnir:




Ný amerísk þrumuspennandi mynd um menn á eyðieyju, sem berjast við áður óþekkt öfl. Garanteruð spennumynd, sem fær hárið til að rísa.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.
Íslenskur texti.
Bönnuð innan 16 ára.

HÁSKÓLABÍÓ
sími 22140

Í lausu lofti
(Flying High)



Stórskemmtileg og fyndin litmynd, þar sem söguþráður „stórslysamyndanna" er í hávegum hafður. Mynd sem allir hafa gaman af.
Aðalhlutverk Robert Hays, Juli Hagerty, Peter Graves.
Sýnd kl.5, 7 og 9.

STJÖRNUBÍÓ
SIMI 18936

Bragðarefirnir



Geysispennandi og bráðskemmtileg ný amerísk-ítölsk kvikmynd í litum með hinum frábæru Bud Spencer og Terence Hill í aðalhlutverkum. Mynd sem kemur öllum í gott skap í skammdeginu. Sama verð á öllum sýningum.
Sýnd kl.5, 7.30 og 10.
Afar spennandi og dularfull
Síðasta sinn.



Bausch & Lomb
Mjúkar kontaktlinsur fást með eða án hitatækis (til að sótthreinsa)




Gleraugnamiðstöðin
Laugavegi 5 - Símar 20800-22702
Gleraugnadeildin
Austurstræti 20. — Sími 14566